

Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 232/1992. **Ákærvaldið**(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Jónínu Sigríði Guðmundsdóttur**

(Árni Guðjónsson hrl.).

Manndráp. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar 25. maí sl. að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds. Gerir ríkissaksóknari kröfu um staðfestingu héraðsdóms, að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en jafnframt um þyngingu refsingar. Af hálfu ákærðu er krafist sýknu, en til vara skilorðsbundinnar refsingar, hinnar lægstu sem lög leyfa.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að refsing ákærðu verði 6 ára fangelsi. Gæsluvarðhald hennar frá 11. janúar 1992 kemur til frádráttar, en frá þeim degi hefur hún sætt varðhaldi óslitið.

Um áfrýjunarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, sæti fangelsi 6 ár, en gæsluvarðhald hennar frá 11. janúar 1992 komi refsingunni til frádráttar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærða synjar fyrir að hafa ætlað að svipta sambýlismann sinn lífi, þegar hún veittist að honum með hnífi inni í stofu á heimili þeirra, í ákafri geðshræringu. Á það ber að fallast, eins og gert er í héraðsdómi, að hún hafi ekki búið yfir áformum í þá átt, áður en til atlögunnar kom. Af frásögnum gesta í stofunni verður ekki ályktað, að hún hafi beitt hnífnum af markvísi, né heldur, að maðurinn hafi setið undir atlögunni án þess að bregðast við. Virðist tilviljun ótvírætt hafa ráðið því, að hnífurinn gekk inn í brjóst manningnum og hitti hann í hjartastað. Að virtum öllum upplýsingum í málinu verður að telja ósannað, að ákærða hafi hlotið að sjá fyrir banvæni atlögunnar með svo eindregnum hætti, að 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um verknað hennar. Hins vegar verður hún talin sek um líkamsárás, er varði við 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Við refsíákvörðun ber að líta til hinnar sérstöku hættu, sem af hnífnum stafaði, og þeirra annarra atriða, sem rakin eru í héraðsdómi. Eru ekki efni til að breyta niðurstöðu hans um refsingu í málinu, er verði þannig fangelsi 4 ár að frádreginni varðhaldsvist.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. apríl 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að undangengnum munnlegum málflutningi 4. þ. m., er höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 2. mars 1992 og 11. desember 1991. Í ákærunum eru ákæruatriði og dómkröfur ríkissaksóknara tilgreind með eftirgreindum hætti:

I.

Dómkröfur.

A. Ákæra, út gefin 2. mars 1992, „fyrir manndráp með því að hafa laugardaginn 11. janúar 1992 laust eftir kl. 7.00 svipt sambýlismann sinn, Hafstein Smára Halldórsson, fæddan 5. febrúar 1970, lífi á heimili þeirra á efri hæð íbúðarhússins Fífilsgötu 3, Vestmannaeyjum, með því að stinga hann með flökunarhníf í hjartastað. Hnífstungan fór í gegnum vinstri slegil hjartans, og blæddi Hafsteini Smára út innvortis, og var hann úrskurðaður látinn á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja kl. 7.30.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Þess

er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

B. Ákæra, út gefin 11. desember 1991, „fyrir tékkafals með því að hafa í janúar 1991 notað í viðskiptum í Vestmannaeyjum eftirtalda 12 tékka til handhafa, sem ákærða útfyllti á eyðublöð úr tékkhefti Hafsteins S. Halldórssonar, sambýlismanns síns, Áshamri 30 A, á reikning nr. 160875 við Íslandsbanka hf., Þarabakka 3, Reykjavík, og falsaði nafn reikningseiganda sem útgefanda á tékkana. [Tilgreindir 12 tékkar.]

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Dómarinn sameinaði málin.

— — —

II.

Málsatvik.

A.

Laugardagsmorguninn 11. janúar sl. kl. 7.17 hringdi maður í lögregluna í Vestmannaeyjum, og án þess að kynna sig bað hann lögregluna að koma þegar í stað, því að maður hefði verið stunginn með hnífi í brjóstið. Manninum var mikið niðri fyrir, og gleymdi hann að segja, hvar atburðurinn varð. Þótt tilkynnandi hefði hvorki látið upp nafn sitt né sagt, hvar hann var staddur, þekkti sá, er tók við tilkynningunni, lögregluvarðstjórinn Jóhannes Ólafsson, rödd tilkynnandans og vissi, að það var vitnið Þórir Þorsteinsson, sem hringt hafði. Lögregluvarðstjórinn gerði þegar í stað ráðstafanir til þess, að sinnt væri tilkynningunni, og stóðst það á endum, að í þann mund, sem hann var að gefa fyrirmæli í þá veru, hringdi ákærða og bað um sjúkrabíl. Ákærða, sem segir, að í ákæru sé háttseminni rétt lýst, hefur við meðferð málsins ekki treyst sér til að lýsa þeim verknaði, sem hún í ákæru er sökuð um að hafa framið. Að öðru leyti hefur hún sjálfstætt lýst málsatvikum, og reyndist það, sem þar kom fram, vera í fullu samræmi við framburð hennar við lögreglurannsókn málsins. Þegar í frásögninni var komið að sjálfum verknaðinum, mundi hún, að hún var komin með hnífinn í höndina og stóð með hann fyrir framan Hafstein Smára, sem hló að henni. Við meðferð málsins treysti hún sér ekki til að rekja frásögnina frekar og brast í grát, er hér var komið sögu í frásögninni. Ákærða, sem staðfest hefur, að rétt sé eftir sér haft við lögreglurannsókn málsins, rakti málsatvik þar frekar, og verður þeim lýst í samræmi við það, sem þar kemur fram, með tilvitnunum í vitnaframburð, þar sem það á við.

Föstudaginn 10. janúar sl. fóru ákærða og sambýlismaður hennar, Haf-

steinn Smári Halldórsson, út að skemmta sér, en ákærða hafði fengið systur sína, unglíng á 16. ári, vitnið Sigurást Guðmundsdóttur, til að gæta tveggja barna þeirra, drengs á fjórða ári og telpu á öðru ári. Síðar um kvöldið hittust ákærða og Hafsteinn á dansleik, en fóru hvort í sína átt eftir dansleikinn, sem lauk um þrjúleytið um nóttina. Fór Hafsteinn heim til sín, en hafði áður boðið nokkrum kunningjum sínum þangað. Ákærða fór með öðru fólki í samkvæmi í annan bæjarhluta. Ákærða telur, að hún hafi farið áleiðis heim til sín klukkan hálf sjö um morguninn. Er heim kom, sátu Hafsteinn og fjórir kunningjar hans í stofunni og drukku heima-bruggað áfengi, er Hafsteinn átti og hafði skenkt gestum sínum, og var þar einnig barnfóstran, systir ákærðu, og eldra barnið. Þótt frásögn ákærðu sé nú nokkuð samhengislaus, þykir mega ráða af framburði hennar eftirgreinda málsatvikalýsingu: Ákærða bað menn þessa að fara út, en Hafsteinn aftók það með öllu. Eftir þetta kveður ákærða, að komið hafi til orðaskipta milli þeirra Hafsteins, en ekki mundi ákærða, hvort þau hefðu slegist, þótt hana rámaði í slíkt og fyndi til eymsla í hálsi, og marín væri hún á fæti. Staðfest er í málinu, að ákærða hringdi tvisvar í lögreglu og bað um aðstoð við að koma mönnum út. Vegna aðstæðna var illmögulegt fyrir lögreglu að fara strax á staðinn. Vitnið Jóhannes Ólafsson lögregluvarðstjóri kvað ákærðu hafa verið mjög æsta, er hún hringdi í síðara skiptið. Eftir tilraunir ákærðu við að fá lögreglu á staðinn sagði hún, að aftur hefði komið til orðaskipta milli sín og Hafsteins, og kvaðst hún þá hafa látið þau orð falla, að réttast væri að drepa hann fyrir að láta drenginn vera viðstaddan. Í þessu sambandi nefnir hún, að hún hafi séð hasspípu í stofunni. Þau Hafsteinn hafi verið búin að tala um að drekka ekki áfengi fyrir framan börnin og helst ekki reykja fyrir framan þau. Hafsteinn hafi þá ögrað sér með því að segja, að hún skyldi þá bara gera það og hvort hún þyrði það ekki. Kvaðst hún nú hafa gengið fram í eldhús og tekið hníf úr vaskinum og gengið síðan með hann í hægri hendi í stofuna og að Hafsteini, þar sem hann sat í tágastól og hvíldi fæturna í stólnum. Ákærða kvaðst hafa komið framan að Hafsteini, hann hefði hlegið að sér og hún þá misst stjórn á sér og lagt til hans með hnífnum. Ekki mundi ákærða, hvar hnífurinn lenti í Hafsteini, en hins vegar, að hann lá í gólfinu og að hún hringdi þá eftir hjálp. Sértaðlega spurð kvaðst hún nú ekki muna, hvort það var ætlun sín að hræða Hafstein, eins og fram hafði komið í framburði sínum við lögreglurannsókn, en fannst þó eins og það hefði verið svo. Ekki var ákærða viss um, hvort Hafsteinn hefði haft annan eða báða fætur uppi í setunni.

Ákærða gaf við lögreglurannsókn tvisvar skýrslu um málsatvik. Í fyrra skiptið, síðdegis sama dag og ætlað brot var framið (11/1 1992), var ákærða yfirheyrð af löglærðum fulltrúa í sakadómi Reykjavíkur, áður en

fram kom fyrsta krafa RLR, sem að beiðni bæjarfógetans í Vestmannaeyjum fór með lögreglurannsókn málsins, í síðara skiptið 21. janúar sl., er ákærða var nánar yfirheyrð um málsatvik af deildarfulltrúa hjá RLR. Rétt þykir að taka hér upp orðrétt þann hluta í framburði ákærðu við fyrri yfirheyrslu, þar sem eftir henni er ritað um sjálfan verknaðinn, en þar segir:

„Eftir þetta hafi hún farið fram í eldhús íbúðarinnar og sótt þar hníf, en einungis fimm skref séu frá þeim stað, er Hafsteinn sat í stofu íbúðarinnar, og að þeim stað, er hún sótti hnífinn, sem lá við eldhússvaskinn, sem er við dyrnar að eldhúsinu. Kærða skýrir svo frá, að þetta hafi allt gerst mjög snögglega. Hafi hún gengið fram í stofuna og að Hafsteini, þar sem hann sat í körfustól með fætur uppi í stólnum. Kveðst hún hafa komið framan að honum, og hafi hann séð, að hún var með hníf í höndunum. Kærða kveður Hafstein hafa hlegið að sér, er hún hafi komið þarna að honum með hnífinn í höndunum, en síðan hafi hún lagt til hans með hnífnum. Kærða skýrir svo frá, að með þessu framferði sínu hafi hún einungis ætlað að hræða Hafstein, en ekki stinga hann með hnífnum. Við það, að hann skyldi hlæja að sér, hafi hún misst stjórn á sér. Hún hafi þá ætlað að ota hnífnum að fæti hans eða hné, en hann sat í stólnum þannig, að fætur voru krepptir og að honum, og hafi fæturnir verið næstir henni. Kærða kveðst ekki muna eftir því, er hún stakk Hafstein, og ekki, hvar lagið lenti..... Kærða tekur fram, að það hafi ekki verið ætlun sín að stinga Hafstein og vinna honum mein, og getur ekki skýrt frekar, hvers vegna hún gerði það.“

Við síðari fyrirtöku, 21. janúar sl., er einnig rituð eftir henni frásögn að þessu leyti eða eins og hér greinir:

„Ég man eftir því, að gestirnir sátu í hornsófanum í stofunni, en Hafsteinn í körfustól gegnt sófanum og sneri hægri hlið fram á gang og að eldhúsinu. Ég man, að ég sá undir sófaborðinu hasspípu og sagði við Hafstein, að best væri að „kála honum“ fyrir að láta drenginn sjá þetta. Við vorum búin að tala um það að drekka ekki áfengi fyrir framan börnin, helst ekki reykja fyrir framan þau. Hafsteinn svaraði mér og sagði, að sér væri sama, þótt ég kálaði sér.

Ég gekk fram í eldhús, þar sem ég tók einhvern hníf úr vaskinum og gekk með í hægri hendi inn í stofuna að Hafsteini. Hann sat þá með báða fætur uppi í stólnum, svo að hné námu við brjóst, og brosti að mér. Ég missti þá stjórn á mér og lagði með hnífnum til hans. Ég man hins vegar ekki, hvar hnífurinn lenti í honum, og man reyndar ekki neitt, fyrr en Hafsteinn liggur í gólfinu og ég þá búin að hringja eftir sjúkrafreið..... Mætta kveðst muna það, að þegar hún hafði sagt við Hafstein Smára inni í stofu, að réttast væri að kála honum, að þá hefði hún hugsað með sér, að réttast væri að sækja hníf fram í eldhús til þess að sjá viðbrögð hans við því og

athuga, hvað hann myndi gera. Hún hafi aðeins ætlað að hræða hann, en ekki stinga hann með hnífnum.“

Vitnið Guðni Yngvason, kt. 180970-4959, atvinnulaus verkamaður, kvaðst hafa komið til Eyja daginn fyrir greindan atburð að heimsækja kunningja sína, er þar bjuggu, og nafngreindi vitnið Hafstein Smára í því sambandi, en vitnið kvaðst hafa þekkt Hafstein Smára lengi. Vitnið átti vísan gististað á neðri hæð í sama húsi og ákærða og Hafsteinn bjuggu. Fljótlega eftir komu til Eyja hóf vitnið að neyta áfengis með Hafsteini Smára og tveimur öðrum í fyrrgreindri íbúð, sem var, eins og áður segir, fyrir neðan íbúð ákærðu og Hafsteins Smára. Um hálfellefuleytið um kvöldið fór vitnið ásamt Hafsteini og þeim tveimur, er áður greinir, á veitingastaðinn Við félagarnir, og var áfengi haft þar um hönd, eins og vitnið orðaði það. Eftir dansleik var vitnið gestur Hafsteins Smára í íbúð ákærðu og Hafsteins. Vitnið kvað Hafstein Smára hafa boðið þeim heimabruggað áfengi. Vitnið sat ásamt þremur öðrum kunningjum Hafsteins í leðursófa, en Hafsteinn í tágastól. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið nýkomin heim, er hún lagði til Hafsteins. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið mjög æst, bæði við það að sjá þá, sem gestkomandi voru, og ekki síður við það að sjá barn sitt vakandi í stofunni. Það sagði, að ákærða hefði fyrirskipað öllum að fara úr íbúðinni, en Hafsteinn Smári þá sagt vitninu að fara hvergi, því að hann hefði ekki viljað, að ákærða kæmist upp með að ráða ferðinni. Hefði komið til handalögmála milli þeirra og þau deilt um, hver væri húsráðandi. Í þessu sambandi tiltók vitnið, að Hafsteinn Smári hefði tekið um hendur ákærðu og sett hana upp við vegg og hent henni síðan í gólfíð. Ákærða hefði þá farið inn í eldhús og komið til baka með hníf reiddan í hægri hendi. Ákærða hefði gengið þannig að Hafsteini, þar sem hann hefði setið í tágastólnum með krosslagða fætur, þannig, að annar fótur hefði verið lagður yfir hinn um hné eða þá að hann hefði setið ofan á öðrum fæti sínum, en vitnið fullyrti, að lýsing ákærðu á því, hvernig ákærði (sic) hafði fæturna í stólnum, væri ekki rétt. Ákærða hefði komið framan að Hafsteini og kreppt höndina um hnífinn, sem hún hélt í axlarhæð. Vitnið sagði, að ákærða hefði nú beygt handlegginn um olnboga, hnefinn snúið upp, en hnífsblaðið fram úr lófanum. Ákærða hefði haldið þannig ógnandi á hnífnum og talað eitthvað um leið til Hafsteins, án þess að vitnið gripi, hvað hún sagði, en hún hefði á meðan beint hnífsoddinum að Hafsteini, en hann brosað til hennar, og þá hefði það ekki skipt neinum togum, að hún hefði stungið Hafstein Smára með hnífnum, þannig, að hnífsblaðið gekk djúpt inn í brjóstholið rétt ofan við geirvörtu vinstra megin. Ákærða hefði nú gengið frá, en ekki mundi vitnið, hvort heldur var, að ákærða settist við símann eða fór fram í eldhús, en vitnið heyrði hana segja: „Hvað hef ég gert?“ Hnífurinn hefði setið eftir í Hafsteini, en einn gestanna kippt

honum út og Hafsteinn Smári beðið vitnið að hjálpa sér, því að hann hefði verið að fjara út. Vitnið kvaðst hafa lagt hann á gólfið og á bakið og reynt að blása í hann, svo að hann andaði eðlilega, en það ekki tekist, og að mati vitnisins hefði Hafsteinn verið búinn að gefa upp öndina, er lögreglan kom á staðinn. Vitnið sagði, að þeir gestir Hafsteins Smára hefðu verið nokkuð ölvaðir og Hafsteinn Smári töluvert ölvaður.

Vitnið Sigurást Guðmundsdóttir, kt. 160576-4999, systir ákærðu, kvaðst hafa komið í íbúð ákærðu og Hafsteins um háltólfleytið um kvöldið til að gæta barna ákærðu. Er vitnið var komið, fór ákærða ásamt vinkonu sinni. Vitnið kvaðst hafa vitað, að börnin voru sofandi, og því hefði það farið að horfa á sjónvarp. Vitnið var nýsofnað, er vinur Hafsteins, er leigði herbergi í íbúðinni, kom heim, og kvað hann Hafstein hafa slegið sig. Vitnið sagði, að pilturinn hefði farið inn í sitt herbergi, og rétt á eftir hefði Hafsteinn Smári komið með gesti sína, og hefðu þeir allir verið drukknir og drukkið heimabruggað áfengi, er í íbúðina var komið. Ekki gat vitnið séð, að fíkniefnaneysla færi þarna fram. Hafsteinn Smári hefði verið skrámaður í andliti. Eldra barn ákærðu og Hafsteins Smára hefði nú vaknað og komið fram í stofu. Er ákærða hefði komið heim, kvað vitnið hana hafa fyrirskipað gestum sínum að fara úr íbúðinni, en Hafsteinn Smári hefði sagt þeim að fara hvergi, því að það væri hann, sem væri leigutaki að íbúðinni. Það gat þess, að einn kunningja Hafsteins, er vitnið nafngreindi, hefði ekki verið reiðubúinn til að fara úr íbúðinni og haft orð á því, að hann væri gestur Hafsteins Smára og færi ekki út, nema gestgjafi sinn, Hafsteinn, segði sér að fara. Ákærða hefði þá gengið að þessum gesti Hafsteins og tekið báðum höndum um höfuð honum, en Hafsteinn þá gengið þar að og hent ákærðu út í eitt horn stofunnar. Vitnið kvaðst þá hafa flýtt sér með barnið inn í svefnherbergi, og hefði hvorki það né barnið verið í stofunni, er ákærða lagði með hnífnum til Hafsteins Smára.

Í framburði vitnisins Hermanns Þorvaldssonar, kt. 030571-5929, sjómanns, sem var eins og vitnið Guðni gestur Hafsteins Smára, kom fram, að ákærða hefði viljað fá þá út úr íbúðinni af tillitssemi við barnið, sem var vakandi. Það staðfesti, að ákærða hefði farið í símann, er til tals kom, að þeir færu út úr íbúðinni, og einnig, að þeir hefðu allir verið ölvaðir, er ákærða kom heim, og setið og drukkið heimabruggað áfengi. Vitnið sagði, að kunningi þess, Þórir, sem einnig var gestur Hafsteins Smára, hefði, er ákærða fór fram í eldhús, sagt, að vitnið skyldi vara sig, því að ákærða væri að gramsa í hnífaskúfunni. Vitnið sagði, að þótt það gæti ekki með öryggi sagt, hvernig ákærða hefði borið sig að á örlagastundu, teldi það sig geta staðfest, að það hefði séð ákærðu stinga hnífnum í brjóst Hafsteini. Þá gat vitnið þess, að það hefði tekið hnífinn úr brjósti Hafsteins, eftir

að ákærða hafði lagt til hans með hnífnum. Loks sagði vitnið, að eftir að kunningi þess, Þórir, og ákærða hefðu verið búin að hringja í lögreglu og tilkynna um atburðinn, hefði það einnig hringt til að ítreka, að lögregla kæmi eins fljótt og mögulegt væri.

Vitnið Þórir Þorsteinsson, kt. 070872-3239, sjómaður, var eins og kunningi þess, Hermann, og vitnið Guðni gestur Hafsteins Smára, staðfesti, að ákærða hefði viljað fá þá út úr íbúðinni. Vitnið sagði, að þeir hefðu allir verið ölvaðir og setið við áfengisdrykkju. Einnig staðfesti vitnið, að er ákærða kom heim, hefði eldra barnið verið vakandi í stofunni. Vitnið sagði við kunningja sinn, Hermann, að hann skyldi vara sig, er ákærða var frammi í eldhúsi að gramsa í skúffum, enda taldi vitnið, að ákærða væri að vopnast hnífi. Vitnið sá ákærðu standa fyrir framan Hafstein Smára og síðan hnífinn standa í vinstra brjósti hans. Vitnið kvaðst þá strax hafa hlaupið í símann og látið lögreglu vita um atburðinn. Vitnið kannaðist ekki við, að fíkniefnaneysla hefði farið fram í íbúðinni, en það upplýsti, að það hefði haft með sér hasspipu, er það kom á staðinn. Ekki vissi vitnið, hvort það var sú pípa, sem ákærða taldi sig hafa séð, er hún kom í íbúðina.

Í sakargögnum kemur fram, að Jóhann Freyr Frímannsson, kt. 270571-5819, sjómaður, var einnig gestur Hafsteins Smára og var í stofunni, er hinn ætlaði verknaður var framinn. Gaf vitni þetta skýrslu við lögreglurannsókn, en ekki tókst að láta vitnið staðfesta framburðinn fyrir dómi, þar sem það var við skyldustörf langt á hafi úti, er aðalrannsókn (aðalmeðferð) fór fram fyrir dóminum. Vitnið hljóp á spítalann til að sækja þangað aðstoð.

Vitnið Jóhannes Ólafsson, kt. 240558-2549, lögregluvarðstjóri, gerði í framburði sínum grein fyrir samtölum í síma, er vitnið átti við ákærðu, er hún í tvígang bað lögreglu um aðstoð við að koma mönnum út úr íbúðinni. Vitnið gat þess, að þegar ákærða hringdi í síðara skiptið, hefði hún verið í mikilli geðshræringu og minnst á það, að börnin væru vöknud. Vitnið kvaðst hafa metið það þannig, að ekki yrðu hjá því komist að senda lögreglumenn á staðinn, strax og sá lögreglumaður, sem með honum var á vaktinni, losnaði úr því skyldustarfi, sem hann hefði þá verið bundinn við og hefði verið það að aðstoða tollgæsluna í Vestmannaeyjum, og með honum myndu þá koma tveir lögreglumenn til viðbótar, sem hefðu verið að aðstoða tollgæslumenn við tollskoðun. Þannig gætu þrír lögreglumenn farið í þetta verkefni. Þegar lögreglumennirnir hefðu verið komnir á lögreglustöðina og verið langt komnir með að tæma lögreglubifreiðina að tollvarningnum, hefði borist fyrsta tilkynning um atburðinn, er vitnið Þórir Þorsteinsson hringdi, en það hefði verið nokkrum mínútum eftir, að ákærða bað um lögregluaðstoð við að rýma íbúðina.

Í vettvangsrannsókn RLR segir m.a.:

„Fífilsgata 3 (mynd 1 og 2) er tveggja hæða steinhús með flötu, hallandi þaki. Sérinnangangur er inn í íbúðirnar á neðri og efri hæð. Gengið er upp steintröppur inn í íbúðina á efri hæð á norðurhlið hússins..... Stofan (mynd 5 til 14) er með tveggja metra dyraopi. Við norðvesturvegg er hornsófi úr leðri, og sá sófanum er sæng. Við suðurvegg er hillusamstæða úr rörum, og í henni er meðal annars sjónvarp og hljómflutningstæki. Við hillusamstæðuna stendur baststóll (mynd 7 og 8), sem snýr setunni að sófanum. Á miðju gólfi er hringlaga sófaborð úr gleri..... Á móti stofunni er eldhúsið (mynd 15 og 16). Innrétting er við suður- og vesturvegg. Við suðurvegg er eldavél og ísskápur. Við dyraopið á vesturvegg er eldhúsvaskur.....“.

Við meðferð málsins kom fram, að gestir Hafsteins Smára sátu í hornsófanum umrædda nótt, en Hafsteinn Smári í baststólnum, og sat vitnið Guðni þannig í sófanum, að það var næst baststólnum, sem Hafsteinn sat í. Við aðalrannsókn 4. apríl sl. gengu dómari, sækjandi og verjandi á vettvang. Umræddur hornsófi og baststóll voru þá enn í íbúðinni.

— — —

Í rannsóknargögnum eru ljósmyndir og skýrgreining á hnífi þeim, sem ákærða notaði, unnar af vitninu Kristjáni Friðþjófssyni rannsóknarlögreglumanni. Þar kemur fram eftirfarandi skýringartexti með myndum:

„Flökunarhnífur, sem fannst á gólfi við hornsófann í stofunni. Hnífurinn er 27 sm á lengd, blaðið er 13 sm á lengd, 1,9 sm á breidd og 1,8 mm þykkt.“

Vitnið Einar Eysteinn Jónsson heilsugæslulæknir kvaðst hafa verið á gæsluvakt umrædda nótt. Vitnið kvaðst að beiðni lögreglu hafa farið á spítalann, og er vitnið kom þangað kl. 7.25, hefði Hafsteinn Smári og lögreglumennirnir verið komnir. Eftir athugun kvaðst vitnið hafa úrskurðað Hafstein Smára látinn. Vitnið staðfesti, að það hefði tekið þvag- og blóðsýni af ákærðu kl. 10.15.

Samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í þvagsýni ákærðu vera yfir 3%, en í blóðsýninu 1,46%.

Meðal fram lagðra sakargagna er krufningarskýrsla Gunnlaugs Geirssonar prófessors, Rannsóknastofu háskólans í réttarlæknisfræði, og skýrsla Þorkels Jóhannessonar, Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, um magn etanóls og annarra vímuefna í líki Hafsteins Smára Halldórssonar. Í krufningarskýrslunni segir m.a.:

— — —

„Ályktun: Samkvæmt því, sem fram kemur í skýrslu lögreglu svo og við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má álykta, að maðurinn hafi látist af stungusári í hjartastað, sem honum var veitt með hnífi. Hnífstungan fór í gegnum vinstra snegil, og blæddi manningnum út innvortis. Hann hafði neytt áfengis og annarra vímugjafa (amfetamín, kannabínóíðar); má ætla, að maðurinn hafi verið undir áhrifum þessara lyfja, er dauðann bar að.“

Við meðferð málsins viðurkenndi ákærða að hafa lagt til Hafsteins með hnífnum, og er henni var bent á, að fyrirleggjandi rannsóknargögn sýndu, að hnífurinn hefði lent á kaf í brjóst Hafsteins, og var síðan spurð, hvort hún gæti gert sér grein fyrir, hvort svo hefði verið, svaraði ákærða því þá játandi. Ekki gat ákærða gert grein fyrir tilganginum með verknaðinum. Er ákærða var spurð, hvort hún hefði gert sér ljóst, að það að reida flökunarhnífinn með afli í Hafstein gat verið stórhættulegt og valdið honum bana, kvaðst hún ekki hafa gert sér grein fyrir því.

Í skýrslu Þorkels Jóhannessonar prófessors segir m.a.:

„Magn etanóls í blóði var 1,64%, í þvagi 1,94%. Í þvagini var bæði amfetamín og kannabínóíðar, en hvorki benzódíazepínsambönd, kókaín/benzóýlekgónín né morfín eða skyld lyf.Magn amfetamíns í blóði var 130 ng/ml og 9 míkrog/ml í þvagi.Maðurinn hefur að öllum líkindum verið ölvaður, er hann lést, og hann hefur einnig að líkindum neytt kannabis nokkru fyrir andlátið. Magn amfetamíns í blóðinu svarar til töku þess í stórum lækningalegum skömmtum eða nokkru meira. Illgerlegt er að ætla, hvert hafi verið ástand mannsins eftir töku fyrrnefndra vímugjafa, þegar hann lést.“

Í þágu rannsóknar málsins gerði Hannes Pétursson yfirlæknir geðheilbrigðisrannsókn á ákærðu. Þar kemur fram, að ákærða er fædd og upp alin í Vestmannaeyjum hjá foreldrum sínum. Ákærða sé næstelst fimm systkina, og segir hún ekki vera um neina geðræna kvilla að ræða hjá foreldrum né systkinum, og ekki viti hún til þess, að um slíkt sé að ræða hjá ættmönnum. Samkvæmt upplýsingum frá föður hefði meðganga og fæðing ákærðu verið með eðlilegum hætti og frumþroskastig hennar svipað og hjá jafnöldrum. Ákærðu hafi gengið best að læra af þeim systkinunum. Ákærðu hafi gengið vel í skóla, engin hegðunarvandkvæði a.m.k. fram til 12 ára aldurs. Vinkona ákærðu hefði verið 2 árum eldri og búin í skóla. Komíð hefði þá upp vaxandi mótþrói hjá ákærðu við áframhaldandi skólavist. Faðir hennar hefði þá fengið leyfi til, að hún sleppti 8. bekk, þar sem hann taldi, að ákærða yrði fegin að koma aftur í skólann, ef hún fengi að reyna að vinna. Þetta erfiðleikatímabil hjá henni hefði varað í tvö og hálf ár. Í kafla, er ber heitið persónusaga, kemur m. a. eftirfarandi fram:

— — —

Hannes Pétursson kemst í skýrslu sinni að eftirfarandi niðurstöðu:
„Ályktun.

Að mati undirritaðs er Jónína Sigríður Guðmundsdóttir ekki haldin formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskortri. Hins vegar eru merki um persónuleikatrufnanir, sem m. a. hafa lýst sér í skapgerðarbrestum, hegðunarvandkvæðum á unglingsárum og óreglulegri skólasókn. Jónína Sigríður virðist einnig á stundum fara óvarlega með áfengi, og hún komst nokkrum sinnum í kast við lögina á unglingsárum. Hugsanlegt er, að framangreindar persónuleikatrufnanir séu að hluta orsakaðar af erfiðum uppeldisskilyrðum og neikvæðum félagslegum áhrifum á unglingsárum.

Framangreindar persónuleikatrufnanir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en samfara auknum persónuleikabroska dregur stundum úr slíkum vandkvæðum með árunum. Miðað við þá erfiðleika, sem Jónína átti við að stríða á unglingsárum, virðist ljóst, að hún hefur tekið sig á og getað eflt stöðugleika í lífi sínu og ábyrgðarkennd, eins og meðal annars kemur fram í heimilishaldi hennar og umönnun barna hennar. Í því sambandi er brýnast fyrir Jónínu að hætta með öllu neyslu áfengis..... Minnstrufnanir þær, er Jónína lýsir, eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulega stuttum tíma, eins og niðurstöður mælinga á alkóhólmagni í blóði og þvagi benda til. Það verður því að telja líklegt, að dómgreind Jónínu hafi verið sljóvguð vegna mikilla áfengisáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað. Hins vegar verður að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Jónínu Sigríðar Guðmundsdóttur sé annars með þeim hætti, að hún teljist sakhæf.“

Niðurstaða.

Með játningu ákærðu, framburði vitna, sem ber saman við niðurstöðu krufningarskýrslu og staðfestar rannsóknir RLR á sakargögnum, er sannað, að ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, hefur gerst sek um manndráp með því að hafa laust eftir klukkan 7 laugardagsmorguninn 11. janúar 1992 svipt sambýlismann sinn, Hafstein Smára Halldórsson, lífi á heimili þeirra með því að stinga hann með flökunarhnífi í hjartastað, eins og í ákæru nánar greinir, en þar er háttsemi ákærðu rétt lýst.

Málið var flutt með hliðsjón af því, að það gæti hugsanlega varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hafna verður skýringu ákærðu um, að hér hafi verið um óviljaverk að ræða, þar sem hún hafi einungis ætlað að hræða Hafstein og særa með hnífnum með því að ota honum að fæti hans og hné, en Hafsteinn hafi þá hreyft sig, svo að lagið lenti í hjartastað, enda á slík skýring sér ekki stöð í framburði vitnisins Guðna, sem var í góðri aðstöðu til að sjá, hvað

gerðist, né annarra vitna, er í stofunni voru. Ekki á hún sér heldur stoð í fram lögðum sakargögnum.

Fallast má hins vegar á það með ákærðu, að hún hafi ekki fyrir fram búið yfir áformum um að ráða Hafstein Smára af dögum. Málsatvik þykja leiða í ljós, að ákærða hafi skyndilega og í mikilli geðshræringu lagt til Hafsteins með hnífnum. Ákærða, sem var bæði mjög reið og ölvuð, er hún framdi verknaðinn, mátti gera sér ljóst, að það var stórhættulegt að leggja með flökunarhnífnum í hjartastað Hafsteini og gat leitt til dauða hans. Hér var því um ásetningsverk að ræða, sem varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Á tímabilinu frá 15. til 23. janúar 1991 ritaði ákærða með eigin hendi nafn sambýlismanns síns, Hafsteins Smára Halldórssonar, sem útgefanda á 12 tékka og vísaði um greiðslu á þeim á ávísanareikning nr. 160875 í Íslandsbanka hf., Þarabakka 3, Reykjavík, sem Hafsteinn Smári var eigandi að. Tékkarnir, sem gefnir voru út til handhafa, voru samtals að fjárhæð 66.500 krónur, en fjárhæð hvers tékka var frá 1.000 krónum upp í 10.000 krónur. Ákærða hafði fengið vinkonu sína til að framselja þrjá tékkana, en flestir voru tékkarnir notaðir til matvörukaupa. Tékkareikningnum var lokað 28. janúar 1991.

Við meðferð málsins hefur ákærða viðurkennt að hafa ritað tékkana, eins og í ákæru greinir, en kveðst ekki líta svo á, að um fölsun hafi verið að ræða. Í þessu sambandi heldur ákærða því fram, að hún hafi haft samþykki sambýlismanns síns til að rita nafn hans á tékkana og nota þá síðan. Með þessari athugasemd kveður ákærða ákærana vera rétta, og tékkana hafi hún notað að öllu leyti eins og í ákæru greini. Ákærða segir, að Hafsteinn Smári hafi heimilað sér að nota tékkhefti hans, til að hún gæti keypt mat handa börnum þeirra. Ákærða kvað Hafstein hafa farið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur um miðjan janúar 1991. Er í ljós hafi komið, að Hafsteinn Smári hafði skilið tékkhefti sitt eftir, hafi hún fengið heimild hans til að fylla út og nota tékkana með þeim hætti, sem í málinu greini. Alls kveðst ákærða hafa ritað 24 tékka úr tékkhefti Hafsteins Smára, en eins og að framan greinir, tekur kæruefnið einungis til notkunar á 12 framangreindum tékkum.

Mál þetta sætti lögreglurannsókn hjá RLV. Af hálfu ákærðu hefur verið bent á, að miklir annmarkar séu á rannsókninni og annmarkarnir slíkir, að ætluð sök ákærðu verði ekki sönnuð með henni. Í þessu sambandi þykir rétt að rekja helstu þætti rannsóknarinnar.

Rannsókn RLV byggist á 11 lögregluskýrslum, og er fyrsta skýrslan dag-

sett 22. janúar 1991, en hin síðasta 15. mars s. á. Málið var 22. maí 1991 sent til framhaldsrannsóknar hjá RLR, sem tók 21. október 1991 fram-
burðarskýrslu af framseljandanum, Guðrúnu Magnúsdóttur.

— — —

Þegar litið er til þess, hve lögreglurannsóknin er í veigamiklum atriðum gölluð, og með hliðsjón af því, að vafaatriði, sem upp koma vegna ófullnægjandi rannsóknar, verða skýrð ákærðu í hag, sbr. 108. gr. laga 74/1974, þykir mega taka sýknukröfu ákærðu til greina, enda ljóst, að ekki er lengur hægt að bæta úr ágöllum með nýrri ákæru. Með því að ósannað er, að ákærða hafi falsað tékkana, verður hún sýknuð af því broti.

Framangreind niðurstaða leiðir til þess, að ákærða verður ekki, sbr. 2. mgr. 146. gr. laga 74/1974, dæmd til að greiða fram komnar skaðabóta-
kröfur í málinu, en þær eru eftirfarandi:

III.

Refsiákvörðun.

Með hliðsjón af álitserð Hannesar Péturssonar yfirlæknis telst ákærða vera sakhæf, en ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, er fædd 13. mars 1972 og hefur sætt refsingum sem hér segir:

„1988 28/7 Sakadómur Rvík. Dómur: Fangelsi 3 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 244. og 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1990 13/2 Vestmannaeyjar. Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 2 ár, hegningarauki, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.“

Af gögnum málsins má ráða, að sambúð ákærðu og Hafsteins hafi verið stírið á köflum, sem einkum stafaði af því, hve háður Hafsteinn var fiknifnum og oft og tíðum kærulaus gagnvart sómasamlegu heimilishaldi og barnauppeldi, en ákærðu var annt um hvort tveggja. Þótt samlífið hafi því ekki verið árekstralaust, er ljóst, að þau gátu af hvorugu séð, og svo virðist sem ákærðu hafi fundist, að sambúðin við Hafstein tryggði sér og tveimur ungum börnum þeirra visst fjárhagslegt öryggi. Þetta þykir verða að hafa í huga, þegar litið er til hinna örlagaríku atburða laugardagsmorguninn 11. janúar sl.

Skert dómgreind ákærðu vegna mikillar áfengisneyslu verður ekki virt henni til málsbóta. Hins vegar hlýtur að vega hér þungt, þegar refsing ákærðu er ákvörðuð, að Hafsteinn misbauð henni, þegar hann afdráttarlaust synjaði réttmætrar beiðni hennar um, að gestir sínir færu úr íbúðinni. Það, hversu lögreglan var illa í stakk búin til að koma henni í þessu sambandi til aðstoðar, jók á reiði hennar sem og, að því er virðist, kæruleysisleg viðbrögð Hafsteins við yfirvofandi hættu. Full reiði og í mikilli geðs-

hræringu, sem Hafsteinn með særandi framkomu sinni átti sinn þátt í að skapa, lagði ákærða til hans með hnífnum. Strax eftir verknadinn var ákærða full iðrunar. Hún kallaði á hjálp og leitaðist þannig við að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar verksins. Hún hefur hreinskilnislega játað brot sitt og í engu reynt að draga úr ábyrgð sinni á því. Við refsíákvörðun ber því að hafa hliðsjón af 75. gr. sem og 4., 8. og 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að taka tillit til ungs aldurs ákærðu, en hún var aðeins 19 ára, er hún framdi bort sitt. Ákærða beitti hættulegu vopni við framkvæmd verksins, og þegar hún framdi hið alvarlega brot sitt, raut hún skilorð eins mánaðar fangelsisdómsins frá 13. febrúar 1990. Ber því nú, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að taka bæði málin til meðferðar og dæma í einu lagi eftir reglum 77. gr. laga 19/1940.

Refsing ákærðu, Jónínu Sigríðar Guðmundsdóttir, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Ákærða hefur frá kl. 20.47 laugardaginn 11. janúar 1992 setið óslitið í gæsluvarðhaldi, og skal þessi gæsluvarðhaldsvist koma að fullri dagatölu dæmdri refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því, að ákærða var, eins og að framan greinir, sýknuð af broti samkvæmt ákæru, dagsettri 11. desember 1991, verður sakarkostnaði skipt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber ákærðu að greiða 4/5 hluta alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, sem greiða skal 1/5 hluta kostnaðarins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds flutti málið Björn Helgason saksóknari, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Andra Árnasonar hdl., 200.000 krónur.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Rétt þykir að geta þess, að dómstörf lágu niðri vikuna 5. til 11. apríl sl., á meðan dómariinn sótti námskeið vegna væntanlegrar nýrrar réttarfarslöggjafar, og einnig um páska 16. til 20. apríl sl. Að öðru leyti hafa dómstörf gengið eðlilega.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Jónína Sigríður Guðmundsdóttir, sæti fangelsi í fjögur ár, en gæsluvarðhaldsvist ákærðu óslitið frá 11. janúar 1992 komi að fullri dagatölu refsivist hennar til frádráttar.

Ákærða greiði 4/5 hluta alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, sem greiði 1/5 hluta kostnaðarins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Andra Árnasonar hdl., 200.000 krónur.